

**Samningur
milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og
Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar
um rekstrarstyrk 2018-2020**

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969 og Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar kt. 490305-1220 í samningi þessum nefnd KÍM gera með sér svofelldan samning:

1. Markmið, verkefni og starfsemi

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum er að:

- Kynna íslenska myndlist erlendis og auka þátttöku íslenskra myndlistarmanna í alþjóðlegu myndlistarstarfi. Í því felst m.a. að hafa frumkvæði að sýningum á íslenskri myndlist á alþjóðlegum vettvangi, þátttaka í alþjóðlegum vinnustofum og kynningar á listamönnum sem þar dvelja.
- Efla tengsl við alþjóðlegt listumhverfi með því að bjóða blaðamönnum, sýningarstjórum og erlendum aðilum til Íslands.
- Tryggja framgang stefnu málefnasviðs 18 í málaflokki 18.3, sbr. fjármálaáætlun 2018-2022.

1.2. Verkefni

- Kynna íslenska myndlist og myndlistarmenn, einkum erlendis,
- veita ferða- og verkefnastyrki til íslenskra myndlistarmanna vegna þátttöku í verkefnum erlendis sem nemur a.m.k. 10% af fjárstyrk ráðuneytisins til miðstöðvarinnar,
- annast umsýslu fyrir myndlistarráð og myndlistarsjóð skv. nánara samkomulagi þar um við myndlistarráð,
- annast þátttöku fulltrúa Íslands á Feneyjatvíæringnum í myndlist samkvæmt sérstöku samkomulagi þar um við mennta- og menningarmálaráðuneyti,
- halda úti vefsíðu til að kynna íslenska myndlist og gefa út netfréttabréf,
- taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um vinnustofur og stuðla að kynningum á listamönnum er þar dvelja,
- svara fyrirspurnum erlendra aðila um íslenska myndlist og/eða beina þeim í réttan farveg,
- annast móttöku erlendra sýningarstjóra og blaðamanna og veita upplýsingar,
- taka þátt í ýmsum verkefnum eftir því sem aðstæður leyfa.

1.3. Starfsemi

Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn og starfar á grundvelli laga nr. 19/1998 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt skipulagsskrá.

1.4. Áherslur

KÍM taki mið af menningarstefnu ríkisins.

LVA
BS

2. Forsendur sammings, lagaheimildir og lagaskyldur

- 2.1. Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og reglugerðar nr. 642/2018.
- 2.2. Ráðuneytið annast samskipti aðila vegna sammingsins við fjármála- og efnahagsráðuneyti, sbr. 1. mgr. 21. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015 og við Alþingi.
- 2.3. Framlag í samningi þessum fellur undir stefnu ráðherra á málefnasviði 18 Menning, listir, íþróttir og æskulýðsmál, málaflokki 18.3 Menningarsjóðir sbr. 20. gr. laga um opinber fjármál.
- 2.4. KÍM starfar samkvæmt á grundvelli laga nr. 19/1998 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt skipulagsskrá.
- 2.5. KÍM starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig, eftir því sem við á eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem kostaðir eru að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins.
- 2.6. KÍM skal hafa kynnt sér lög og reglugerðir sem gilda um verkefnið og skuldbindur sig til að starfa samkvæmt þeim. Vakin er sérstök athygli sammingshafa á eftirfarandi lagaákvæðum: Lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, nr. 46/2016 og lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

3. Fjárhagsleg skuldbinding

- 3.1. Heildarskuldbinding sammingsins er 84 m.kr.
- 3.2. Árlegt framlag ráðuneytisins er 28 m.kr. á samningstímanum.
- 3.3. Verði gerð breyting á fjárheimildum til málaflokks 18.3 Menningarsjóðir í fjárlögum geta aðilar tekið upp viðræður um aðlögun rekstrarins að breyttri fjárveitingu.
- 3.4. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á KÍM ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til sammingsins verði lækkað eða fellt niður. Séu gerðar almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins til málaflokks 18.3 er heimilt að gera sömu kröfu til aðhalds í rekstri verkefna sem falla undir málaflokk 18.3 hjá KÍM.
- 3.5. Fjárhagsleg ábyrgð ráðuneytisins vegna rekstrarverkefnisins takmarkast við þær fjárhæðir sem eru í samningnum.
- 3.6. Ráðuneytið greiðir árlegt framlag sitt í samræmi við greiðsluáætlun sem ráðuneyti samþykkir í lok árs og hefjast greiðslur í janúar ár hvert. Greitt er inn á bankareikning KÍM í viðskiptabanka.

4. Ábyrgð

- 4.1. KÍM ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að kynningarmiðstöðin fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. KÍM skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 4.2. KÍM ber ábyrgð á skuldbindingum sem samtökin eða aðilar á þeirra vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 4.3. KÍM er óheimilt að:
 - Afhenda, án skriflegs samþykkis stofnaðila, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
 - Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um sammingsveð, nr. 75/1997.

5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála og verkefna

- 5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd sammingsins.
- 5.2. KÍM afhendir ráðuneytinu árlega stefnuskjal til þriggja ára sbr. 31. gr. í lögum um opinber fjármál. Í stefnuskjalinu skal koma fram helstu markmið og aðgerðir KÍM. Stefnuskjalið skal taka mið af stefnu ráðherra fyrir málefnaflokk 18.3 sem birtist í fjármálaáætlun til næstu fimm ára og greinargerð málefnasviðs 18 sem birtist í fjárlagafrumvarpi hvers árs. Stefnuskjalið er viðhengi við samning þennan.

LPA
BS

- 5.3. KÍM skal láta ráðuneytinu í té ársáætlun um rekstur og starfsáætlun yfirstandandi árs, sbr. gr. 1.3. þar sem fram komi m.a. áætlun um ráðstöfun framlagsins og helstu markmið sem unnið verður að fyrir lok mars ár hvert.
- 5.4. KÍM skal afhenda ráðuneytinu endurskoðaðan ársreikning ársins á undan með skýringum, fyrir lok júní ár hvert og skal afrit jafnframt sent Ríkisendurskoðun.
- 5.5. KÍM lætur ráðuneytinu í té allar þær upplýsingar sem ráðuneytið kallar eftir, í tengslum við rekstur kynningarmiðstöðvarinnar til opinberrar upplýsingagjafar.
- 5.6. KÍM veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálft eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Við eftirlit hefur ráðuneytið óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta.
- 5.7. Eigi KÍM í viðskiptum við lögaðila sem miðstöðin á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda hennar, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.

6. Vanefndir og meðferð ágreinings

- 6.1. KÍM tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef það telur vafa leika á að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir KÍM frá úrræðum sem miðstöðin hyggst grípa til.
- 6.2. Ráðuneytinu er heimilt að fresta, draga úr eða stöðva og endurkrefja greiðslur uppfylli KÍM ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 6.3. Samningsaðilar skulu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

7. Gildistími og lok samnings

- 7.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2020.
- 7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara
- 7.4. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili eintaki.

Reykjavík 24. apríl 2019



Lilja Alfreðsdóttir,
mennta- og menningarmálaráðherra



Björg Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri
Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar